

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð 18. fundar er haldin var í Höllinni, húsi eldri borgara í Snæfellsbæ mánudaginn 19. ágúst 2024 kl 14.00.

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Mál 1: „Gott að eldast“ er verkefni sem Laufey Jónsdóttir frá Akranesi fór yfir og kynnti á fundi í Klifi í vor fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Rætt var um þetta mál og mikill áhugi kom fram í ráðinu að koma því af stað ekki seinna en í haust. Öldungaráðið vill hvetja bæjarstjórn til að fylgja þessu máli vel eftir.

Ólafur formaður tók að sér að setja saman bréf til bæjarstjórnar til að ýta verkefninu af stað og mun hann kynna það áður fyrir Öldungaráðinu.

Mál 2: „Nýtt sorphirðukerfi í Snæfellsbæ“. Talsverð umræða varð um þetta mál. Nauðsynlegt er að bæjarstjórn kynni þetta mjög vel fyrir öllum bæjarbúum svo að þetta mál takist vel í alla staði. Mikill vilji er til að flokka. Því er hvatt til að bæði bæjarfélagið og fyrirtækið sem sér um sorphirðuna efni til funda í Klifi og kynni þetta vel eins og áður sagði. Ákveðið var að Ólafur myndi einnig skrifa bréf til bæjarstjórnar um þetta mál.

Rætt var um að halda einn (jóna) fund fyrir áramót.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.40.

Pétur Steinar Jóhannsson